

Nikulás Úlfar Másson
Ágústa Kristófersdóttir

Byggingasaga

Grófin



Reykjavík 2000

Skýrslur Árþéjarsafns LXXVI

Nikulás Úlfar Másson
Ágústa Kristófersdóttir

Byggingasaga

Grófin



Reykjavík 2000

Skýrslur Árbæjarsafns LXXVI

Unnið að beiðni Borgarskipulags Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Árbæjarsafn
Reykjavík 2000
© Árbæjarsafn, Nikulás Úlfar Másson
og Ágústa Kristófersdóttir

Kortagerð: Ómar Ívarsson, Borgarskipulag Reykjavíkur.

Skýrslur Árbæjarsafns 76
Ritstjóri: Margrét Hallgrímsdóttir borgarminjavörður.

Öll réttindi áskilin.

Saga og mat

Saga

Á þeim reit sem hér um ræðir standa nú sex hús. Fyrst var byggt á honum á tímum Innréttninganna, er hið svo kallaða Fálkahús var flutt frá Bessastöðum árið 1763. Fyrst eftir að húsið var flutt til Reykjavíkur voru geymdir fálkar í því en skömmu eftir aldamótin 1800 lagðist verslun með fálka af og húsið var tekið undir almennan verslunarrekstur. Petræus kaupmaður eignaðist húsið um 1820 eftir að hafa um tuttugu ára skeið haft það á leigu. Pétur Pétursson keypti húsið 1828 og rak í því verslun allt til ársins 1850 er hann seldi N. Chr. Havsteen það og rak sá í því verslun. Það var svo árið 1868 að Havsteen lét rífa Fálkahúsið og byggja nýtt hús aðeins norðar á lóðinni til að Hafnarstræti gæti breikkað. Árið 1907 lét Brydes verslun, sem þá hafði átt húsið rúm tuttugu ár, gera á því miklar breytingar og var Einar Erlendsson húsameistari fenginn til verksins. Hann teiknaði viðbyggingu sem byggð var vestamegin við húsið frá 1868, í stað gamals geymsluhúss. Núverandi útlit hússins er að mestu óbreytt frá þessum tíma. Skraut á mæni hússins, öldur, víkingaskip og fálkar er allt frá Einari komið. Í húsinu hefur lengst af verið verslunarstarfsemi, Ó. Johnson og Kaaber áttu húsið um langan tíma og ráku þar meðal annars raftækjaverslun. Skrifstofur fyrirtækisins voru einnig í húsinu. Heimilisiðnaðarfélag Íslands rak verslun þar um skeið en nú er þar meðal annars veitingastaður. Þetta hús var friðað samkvæmt Þjóðminjalögum árið 1991. Á sömu lóð, Hafnarstræti 1, lét Brydesverslun reisa pakkhús árið 1887 telst það nú vera Hafnarstræti 1a og standa yfir endurbætur á húsinu. Í hluta hússins er rekinn spilasalur.

Á lóðinni Vestugötu 2 lét útgerðarmaðurinn C.P.A. Koch reisa hús árið 1863. Það stendur enn en hefur tekið miklum breytingum og vaxið þó nokkuð. Hús þetta hefur lengst af verið kallað bryggjuhús því norðan þess var helsta bryggja bæjarins. Sú kvöð var á húsinu að gangur skyldi vera í gegnum það svo aðgangur að bryggjunni væri opin og var honum ekki lokað fyrr en 1929. Húsið var því einskonar borgarhlíð og fóru allir þeir sem komu með skipum til bæjarins í gegnum þennan gang. Við konungskomuna 1907 er Friðrik VIII kom hingað til lands var gangurinn skreyttur honum til heiðurs.

Í tilefni af aldarafmæli Reykjavíkur árið 1886 var Sveinn Sveinsson búfræðingur, síðar skólastjóri að Hvanneyri, fenginn til að gera uppdrátt af bæjarlandi Reykjavíkur. Þessi uppdráttur var síðan notaður árið 1888 til að skíra allar götur og stíga bæjarins, er ekki höfðu fengið heiti áður og númera öll hús og bæi.

Í gjörðarbók bæjarstjórnar Reykjavíkur, 19. janúar árið 1888, er borin upp eftirfarandi tillaga frá veganeftndinni og samþykkt:

Málið um götunöfn og númer. Björn Jónsson skýrði fyrir hönd veganeftndarinnar frá aðgjörðum og uppástungum nefndarinnar og lagði fram uppdrátt af bænum með gömlum og nýjum götunöfnum, ásamt yfirliti yfir götur og húsnúmer. Eftir það voru samþykktar í einu hljóði svolátandi tillögur frá veganeftndinni:

- 1. Götunöfn og talnaröð á húsum sé samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti og yfirliti, þannig að Hafnarstræti og Aðalstræti séu aðalstofninn og allar aðrar götur kvíslast þaðan; jafnar tölur til hægrihandar en oddatölur til vinstri, talið frá Bryggjuhúsinu.*
- 2. Nöfn og tölur á byggðum götum séu gerðar úr zinkplötum bláum að lit og lakkeruðum, með hvítu lettri. Nafnspjald sé sett á hverjum götuenda og við þvergötu sitt hvorum megin. Fyrirhugaðar götur séu einkenndar með nafnspjöldum úr tré á stólpa við báða enda.*
- 3. Kostnaður af fyrirtæki þessu greiðist úr bæjarsjóði. Viðhald á húsnúmerum kosta húseigendur, en bæjarsjóður á gatnaspjöldum.*

Af þessu má sjá að árið 1888 var ákveðið að ganga út frá fyrstu gatnamótunum í Reykjavík við númerun húsa, þ.e. Aðalstræti-Hafnarstræti og Bryggjuhúsinu. Vegna alls þessa hefur þessi hluti grófarinnar oft verið kallaður hornsteinn Reykjavíkur. Tilhlýðilegt yrði að fella inn í gangstéttina fyrir framan Bryggjuhúsið, Vesturgötu 2, einhvers konar minnisvarða um þessi tímamót í sögu Reykjavíkur.

Árið 1907 var kolaskúr austan við húsið rifinn og einlyft geymsluhús byggt í staðinn. Árið 1938 rann þetta hús saman við Bryggjuhúsið samkvæmt teikningu Sigurðar Guðmundssonar arkitekts o.fl. Lengi voru verslanir í húsinu. H.P. Duus átti það um tíma og einngi Nathan og Olsen. Nú er rekinn þar veitingastaður og skrifstofur.


Vestan við Bryggjuhúsið stendur spennistöð sem byggð var eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar árið 1920, lagt hefur verið til að bæði Bryggjuhúsið og spennistöðin verði friðuð. Í bilinu milli Bryggjuhússins og spennistöðvarinnar var reistur lítill söluskúr „sjoppa“ árið 1953 eftir teikningum Aðalsteins Richter. Hann hefur nú verið rifinn. Árið 1942 reis nyrst á lóðinni einlyft geymsluhús úr holsteini, það tilheyrir nú Tryggvagötu 20 og hefur verið breytt allnokkuð af Páli V. Bjarnasyni arkitekt sem meðal annars leitaði fanga í bogadregnu kvistum þeim sem prýddu Bryggjuhúsið eftir 1907. Í þessu húsi eru nú reknir tveir veitingastaðir. Á þessari sömu lóð lét Olíusalan hf. reisa afgreiðsluskýli árið 1931 það hefur nú verið rífið.

Árið 1924 lét Sleipnir hf. reisa hús úr holsteini á lóðinni Tryggvagötu 22, var það meðal annars notað sem saltgeymsla. Nú er þar til húsa einn langlífasti skemmtistaður borgarinnar “Gaukur á Stöng”.


Öll húsin á þessum reit, nema spennistöðin, hýsa nú skemmti- eða veitingastaði, er það lýsandi dæmi um þær breytingar sem átt hafa sér stað í Kvosinni á undanförunum árum, er verslun hefur hoptað fyrir skemmtihúsum.

Grófin um 1910


Á þesari mynd sem tekin var um aldamótin 1900 sést neðst til vinstri þakkhús Bryde sem byggt var ofaná fyrsta bólvirkinu sem byggt var í Reykjavík. Einnig bólvirkið þar fyrir framan, sem kom í ljós þegar verið var að grafa fyrir viðbyggingu við húsið að Tryggvagötu 22 fyrir skemmstu.



Byggingarár húsa
í stgr. 1.118.2



Byggingarefni húsa
í stgr. 1.118.2



Timbur

Steinsteyp

Hlaðið úr steini

Mat

Á þeim reit sem hér er til umfjöllunar eru hús sem eru fulltrúar elstu byggðar í Reykjavík. Þar af leiðandi hafa þau mikið gildi til varðveislu. Eitt hús hefur þegar verið friðað, Hafnarstræti 1-3. Í tillögum húsverndarnefndar Reykjavíkur er lagt til að hugað verði að friðun tveggja annarra bygginga á reitnum, Vesturgötu 2 (Bryggjuhúsinu), og spennistöðinni að Vesturgötu 2b. Að auki er hér lögð til verndun á einu húsi til viðbótar, Hafnarstræti 1a.

VESTURGATA 2

Bryggjuhúsið, sem byggt var árið 1863, er nátengt þróunar- og verslunarsögu Reykjavíkur. Það stóð lengi vel næst sjónum af húsum bæjarins og var fyrsta hafnarmannvirkið í Reykjavík byggt til að vernda það gegn ágangi sjávarins. Þetta bólvirki er enn sýnilegt á baklód hússins. Austasti hluti þess kom í ljós nýverið er verið var að grafa fyrir viðbyggingu á lóð Tryggvagötu 22. Aðal bryggja bæjarins tengdist gati í Bryggjuhúsinu, þannig að flestir gestir sem komu til Reykjavíkur komu um Bryggjuhúsið, sem var því eins konar borgarhlið Reykjavíkur. Samþykkt bæjarstjórnar um merkingu gatna árið 1888 (sjá kafla um sögu reitsins) staðfestir þetta. Af öllu þessu leiðir að gildi Bryggjuhússins í sögu Reykjavíkur er af fyrsta flokki. Því er lagt til að Vesturgata 2, Bryggjuhúsið, verði friðað.

VESTURGATA 2B

Spennistöðin að Vesturgötu 2b er ein sjö slíkra sem reistar voru eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar Húsameistara ríkisins árið 1921, er Elliðaárvirkjun var tekin í gagnið. Einungis þrjár þeirra standa enn. Í bók sinni Íslensk byggingararfleifð I segir Hörður Ágústsson: „Spennistöðvarnar, sem allar eru eins, má klalla meistaraverk þó smáar séu, með barokkhvolfpaki, settar rákuðum toskönskum flatsúlum á hornum, sem ganga undir ufsabrík og standa á sérstökum stöllum, með bogadregnum dyrum, spjaldsettri hurð og smárúðuglugga þar yfir með bandi á milli“. Að auki vitna spennistöðvarnar um mestu framkvæmd sem Reykjavíkurbær hafði ráðist í. Því er lagt til að spennistöðin að Vesturgötu 2b verði friðuð.

HAFNARSTRÆTI 1A

Ekker gert ráð fyrir frekari verndur byggðarinnar á þessum reit í tillögum Húsverndarnefndar. Hér skal einu húsi bætt við tillögurnar, pakkhúsi Bryde kaupmanns, er hann lét byggja árið 1887. Það var reist á fyrsta bólvirkinu sem gert var í Reykjavík. Það er því nátengt byggingar- og verslunarsögu Reykjavíkur, auk þess sem umhverfislegt gildi þess, meðal elstu timburhúsa í Reykjavík, er mikið. Því er lagt til að Hafnarstræti 1a, Brydepakkhúsið, skuli njóta verndar samkvæmt

dökkgulum flokki í tillögum Húsverndarnefndar; verndun götumynda, húsaræða og húsa með umhverfisgildi.

BÓLVIRKIÐ

Bólvirkið sem reist var um 1890 til að vernda Vesturgötu 2 og pakkhús Bryde gegn ágangi sjávar hefur verið sýnilegt á baklöd Vesturgötu 2. Aðeins efsta steinaröðin stendur upp úr nýrri hellulögn. Austasti hluti bólvirkisins kom í ljós nýlega er verið var að grafa fyrir viðbyggingu við húsið að Tryggvagötu 22. Nú hefur verið afráðið að sá hluti þess verði gerður sýnilegur í innréttingu viðbyggingarinnar. Lagt er til að þessu fyrsta hafnarmannvirki í Reykjavík verði gert hærra undir höfði á löd Vesturgötu 2. Þetta mætti gera með því að gera minninguna um borgarhliðið (gatið í gegnum Vesturgötu 2) og aðalbryggju bæjarins á nítjándu öld og fram á þá tuttugustu sýnilegri í umhverfinu með táknrænum hætti.

„HORNSTEINNINN“

Vegna hinnar mikilvægu sögu sem nátengd er þessu svæði, en þó aðallega vegna samþykkt um númeringu húsa í Reykjavík, árið 1888 (sjá kafla um sögu), hefur svæðið fyrir framan Vesturgötu 2 stundum verið kallað „hornsteinn“ Reykjavíkur. Lagt er til að þessa sögulega atburðar verði minnst með einhverjum hætti, til dæmis með gerð platta sem greyptur yrði ofan í gangstéttina fyrir framan húsið að Vesturgötu 2.

Húsvendarskrá Reykjavíkur

Stgr. 1.118.2

Vesturgata

Fischersund

Nausin

Tryggvaga

Tillögur að friðun bygginga

Friðaðar byggingar

Verndun götummynda



22

1

2

2B

26

5

2

2

4

6

3

5

Húsaskrá



Mat

Í samræmi við tillögur Húsvörndarnefndar Reykjavíkur er lagt til að ytra byrði Bryggjuhússins ásamt leifum hafnargarðs verði fríðað. Þar sem húsið þetta er byggt fyrir 1918 er það háð þjóðminjalögum um allar breytingar.

Fyrsti eigandi

C.P.A. Kock

Hönnuður

Ókunnur

Upphafleg notkun

Verisun

Upphafleg gerð hússins

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Marnisþak
Þakklæðning	Hellur
Undirstöður	Hlað.úr tilh. grjóti
Útlit	Kvistir
	Einlyft
	Ris
	Port

Annað heiti hússins

1874	Aðalstræti 12b
1908	Aðalstræti 4
	"Bryggjuhúsið"

Saga

1907 var kotaskúr austan við húsið rifinn og einlyft geymsluhús með porti byggt í staðinn, 24 x 19,5 al. 1910 var eldra húsið klætt að utan með jární, bæði veggir og þak. 1929 var eldra húsið hækkað og endurinnréttað, yngra húsið var sömuleiðis endurbætt þetta ár. Svo virðist sem göngunum gegnum húsið hafi verið lokað þetta ár. 1939 var yngra húsinu breytt, það hækkað til jafns við hið eldra og endurinnréttað. Þetta ár voru og byggðir bifreiðageymsluakúrnar við húsið. 1942 var byggt verislunar og geymsluhús á lóðinni, sjá færslu Tryggvagata 20. Nú (árið 2000) er í húsinu veitingastaður og skrifstofur.

Breytingar

1907	Rifið
1907	Viðbygging
1910	Endurbætur
1929	Endurbætur
1939	Hækkun
1951	Gluggabreyting
1976	Endurbætur
1987	Kvistur

Hönnuðir breytinga

Sigurður Guðmundsson
Hafliði Jóhannsson
Yngvi Gestsson og Þorkell
Páll V. Bjarnason



Mat

Ytra byrði hússins var friðað árið 1991 og er það því háð þjóðminjalögum um allar breytingar.

Fyrsti eigandi

N. Chr. Havsteen
Kaupmaður

Hönnuður

Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús
Verslun

Upphafleg gerð hússins

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Hellur
Undirstöður	
Útlit	Einlyft Ris

Annað heiti hússins

1868 "Fálkahúsið"

Breytingar

1885 Viðbygging
1907 Viðbygging
1907 Endurbætur
1934 Bruni
1954 Endurbætur
1956 Endurbætur
1962 Endurbætur
1963 Gluggabreyting
1969 Endurbætur
1976 Endurbætur
1999 Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Sigurður Einarsson
Sigurður Einarsson
Stafán Jónsson / Guðrún Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Gestur Ólafsson

Saga

Elstu hluti þessa húss var reistur 1868, það er einlyft hús með risi og tengir nú saman tvö, tvílyft yngri hús. 1874 voru á lóðinni 5 önnur hús, geymsluhús af ýmsum stærðum og gerðum.

1885 var byggt austan við húsið frá 1868, tvíloftað hús, 14 x 14,5 al og innréttuð þar skrautleg sölubúð.

Árið 1907 lét Bryde kaupmaður rífa niður gamalt geymsluhús á lóðinni og byggja það upp aftur, einnig voru byggðir þrjú geymsluskúrar. Í nóvember 1907 hafa gagngerar endurbætur átt sér stað, húsin 3, það elsta frá 1868 og hin frá 1885 og 1907, mynda nú eina heild. Það var Einar Erlendsson sem teiknaði breytingarnar. Skraut var sett á mæni hússins það ár. 1934 brann húsið samkvæmt ljósmyndum úr safni Árbæjarsafns. 1999 voru skúrar milli Fálkahússins og Hafnarstrætis la rifnir og hluti Fálkahúss innréttuð sem veitingastaður.



Mat

Þar sem þetta hús er byggt fyrir 1918 er það háð þjóðminjalögum um allar breytingar.

Fyrsti eigandi

I.P.T. Bryde
Kaupmáður

Hönnuður

Ókunnur

Upphafleg notkun

Atvinnuhúsnæði
Pakkhús

Upphafleg gerð hússins

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Timbur
Þakgerð Mærnisþak
Þakklæðning Bárufjám
Undirstöður Hlaðnar úr
Útlit Tvílyft
Rís
Kjallari

Annað heiti hússins

Saga

Þetta hús var byggt ofan á fyrsta hafnarmannvirkinu í Reykjavík, sem var bólvirki er varði Vesturgötu 2, Bryggjuhúsið, gegn briminu.

Árið 200 hefur enn ekki verið lokið við endurbætur innanhúss.

Breytingar

1999 Endurbætur
1999 Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Z-Arkitektar
Kristján Ásgeirsson

1999	Endurbætur	Z-Arkitektar
1999	Endurbætur	Kristján Ásgeirsson

Mat



Fyrsti eigandi

Sleipnir h.f.

Hönnuður

Guðmundur H. Þorláksson

Upphafleg notkun

Pakkhús
Geymsla

Upphafleg gerð hússins

Tegund Hlaðið úr holsteini
Klæðning Múrstéttað
Þakgerð Mænispak
Þakklæðning Bárújóm
Undirstöður Steinsteypur
Útlit Einlyft
 Ris

Annað heiti hússins

Eimskipafélag Íslands

Saga

1983 var veitingshúsið innréttað. Skóðrar vestan við húsið voru rifnir í mars árið 2000 og kom þá í ljós gamalt, hlaðið bólvirki, hluti elsta hafnarmannvirkis í Reykjavík. Hluti þess hefur verið sýnilegur á lóð Vesturgötu 2.

Breytingar

1983 Endurbætur
 2000 Rifin viðbygging

Hönnuðir breytinga

Vatnar Viðarsson

Mat



Fyrsti eigandi

Nathan og Olsen

Hönnuður

Guðmundur H. Þorláksson

Upphafleg notkun

Verslun
Vörugeymsla

Upphafleg gerð hússins

Tegund	Hlaðið úr holsteini
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Bárujón
Undirstöður	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft
	Rís

Annað heiti hússins

1942 Vesturgata 2

Saga

Nú eru starfandi tveir veitingastaðir í húsinu.

Breytingar

1987 Hækkun
1990 Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Páll V. Bjarnason
Guðni Pálsson

**Mat**

Í samræmi við tillögur Húsvæmdarnefndar Reykjavíkur er lagt til að ytra byrði spennistöðvarinnar verði fríðað.

Fyrsti eigandi

Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnuður

Guðjón Samúelsson
Húsaameistari

Upphafleg notkun

Spennistöð

Upphafleg gerð hússins

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrslétt
Þakgerð Hvolþak
Þakklæðning Eir
Undirstöður Steinsteypar
Útlit Einlyft

Annað heiti hússins

Saga

Ein þriggja elsta spennistöðvanna í Reykjavík, sem enn standa.

Breytingar**Hönnuðir breytinga**

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Árbæjarsafn (Ábs):

Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723-724. Brunatrygging húsa 1874-1895.
Aðf. 734-748. Brunabótavirðingar.
Aðf. 751-757. Brunatrygging húsa 1896-1943.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914-1960.
Brunabótavirðingar húsa 1943-1980, frá Húsatryggingum Rvk.
Skjöl byggingarfulltrúa. (B) Hafnarstræti, Tryggvagata og Vesturgata.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf.í Rvk.):

Innlagðar teikningar fyrir Hafnarstræti, Tryggvagötu og Vesturgötu.

Prentaðar heimildir:

Benedikt Gröndal: *Reykjavík um aldamótin 1900*. Khöfn 1900

Guðmundur Ingólfsson, Hjörleifur Stefánsson, Guðnú Gerður Gunnarsdóttir: *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Reykjavík 1987.

Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar 1870-1940*. Reykjavík 1991. Fyrri og seinni hluti.

Eggert Þór Bernharðsson. *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Reykjavík 1998. Fyrri og seinni hluti.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur I og II*. Rvk. 1929

Knud Zimsen: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsen fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Lúðvík Kristjánsson. Rvk. 1952

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum*. 3. b. Reykjavík 1988.

Skýrslur Árbæjarsafns

- 1 Margrét Hallgrímsdóttir: *Víðey, Fornleifarannsóknir 1988-1989*. Rvk. 1989.
- 2 Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli Austurbærinn, Timburhúsabyggð í norðanverðu Skólavörðuholti frá byrjun 20. aldar*. Rvk. 1989.
- 3 Margrét Hallgrímsdóttir: *Fornleifarannsókn í Víðey 1987*. Rvk. 1988.
- 4 Margrét Hallgrímsdóttir, Forvaldur S. Þorvaldsson, Þóður Þ. Þorbjarnarson: *Greinargerð um tilloğu húsafríðunarnefndar ráðsins um fríðun 24 húsa í Reykjavík*. Rvk. 1990.
- 5 Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson og Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinargerð frá Árbæjarsafni*. Rvk. 1990.
- 6 Hrefna Róbertsdóttir og Margrét Hallgrímsdóttir: *Steinbeir og lítill steinhúsi í Reykjavík. Könnun á ástandi þeirra*. Rvk. 1991.
- 7 Hann Rósa Sveinsdóttir: *Byggingasaga, Stgr. 1.172.0, Hverfisgata, Vatnsstígur, Laugavegur og Klappastígur og stgr. 1.174.0 Hverfisgata, Barónsstígur, Laugavegur og Vatnsstígur*. Rvk. 1991.
- 8 Helgi M. Sigurðsson: *Sögulegar minjar í Óskjuhlíð og Vatnsmyri. Úttekt ásamt tillögum um verndun og lagfæringar*. Rvk. 1991.
- 9 Nikulás Úlfar Músson: *Húsakönnun í Blesugróf*. Rvk. 1992.
- 10 *Árskýrsla Árbæjarsafns 1991*. Rvk. 1992.
- 11 Hrefna Róbertsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir og Nikulás Úlfar Músson: *Adalstræti byggðarsaga Reykjavíkur frá öndverðu. Fornleifar, landnáð- og málaldabyggð. Hús Innrettinganna. Geysihúsið*. Rvk. 1992.
- 12 Helgi M. Sigurðsson: *Nordlingaholt*. Rvk. 1992.
- 13 Nikulás Úlfar Músson: *Borgarhluti 3. Byggingar og Minjar*. Rvk. 1992.
- 14 Helgi M. Sigurðsson: *Ellidáafráðalar*. Rvk. 1992.
- 15 Margrét Hallgrímsdóttir: *Víðey, Fornleifarannsóknir 1991, Afangaskýrsla*. Rvk. 1992.
- 16 *Árskýrsla Árbæjarsafns 1992*. Rvk. 1993.
- 17 Nikulás Úlfar Músson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga, Stgr. 1.190.3, Bergþórsgata, Vatnsstígur, Njálsgata og Barónsstígur*. Rvk. 1993.
- 18 Nikulás Úlfar Músson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga, Stgr. 1.161.1 og 2, Sudurgata, Kirkjugarðsstígur, Garðastræti og Tungata*. Rvk. 1993.
- 19 Bjarni F. Einarsson: *Laugarnes, Greinargerð um fornleifar á Laugarnesi*. Rvk. 1993.
- 20 Hrefna Róbertsdóttir: *„Timburhús forni“. Greinargerð um Hillebrandtshúsið á Blönduósi*. Rvk. 1993.
- 21 Margrét Hallgrímsdóttir: *Víðey, Fornleifarannsóknir 1989-1990, Afangaskýrsla*. Rvk. 1993.
- 22 Bjarni F. Einarsson: *Korpúlfsstaðir, Greinargerð um fornleifar í Staðahverfi í Borgarholti III, Reykjavík*. Rvk. 1993.
- 23 Bjarni F. Einarsson: *Breiðholt, Greinargerð um fornleifar í Breiðholti, Reykjavík*. Rvk. 1993.
- 24 Margrét Hallgrímsdóttir: *Víðey, Fornleifarannsóknir 1992, Afangaskýrsla*. Rvk. 1993.
- 25 Bjarni F. Einarsson: *Arnarhöll, Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhöll í Reykjavík*. Rvk. 1993.
- 26 Nikulás Úlfar Músson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga, Stgr. 1.174.2, Laugavegur, Barónsstígur, Grettisgata og Vatnsstígur*. Rvk. 1993.
- 27 Bjarni F. Einarsson: *Þingnes, Greinargerð varðandi ástand fornleifa á Þingnesi við Elliðavatn og fyrirhugaðar stígafrankvæmdir þar*. Rvk. 1993.
- 28 Hrefna Róbertsdóttir: *Adalstræti saga byggðar, Rannsóknarverkefni, Skýrsla 1993*. Rvk. 1993.
- 29 Margrét Hallgrímsdóttir: *Húsakostur Víðeyarklausturs. Um byggð í Víðey fram á 18. öld*. Rvk. 1993.
- 30 Nikulás Úlfar Músson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga, Stgr. 1.131.0 og 2, 1.130.2 og Vesturgata í stgr. 1.135.0 og 1, 1.134.0, Vesturgata, Seljavegur, Nylendugata, Bakkastígur og Ægisgata*. Rvk. 1993.
- 31 Skia: *Survey 1993. A Report of Archeological Test Pits in Downtown Reykjavík*. Rvk. 1993.
- 32 Bjarni F. Einarsson og Þorgeir S. Helgason: *Jarðmánnan vegna nýbyggðar Hástaránnar Islands*. Rvk. 1994.
- 33 Bjarni F. Einarsson: *Hástaránnar, Leit að mannvistarlögum vegna byggðar Hástaránnar*. Rvk. 1994.
- 34 Nikulás Úlfar Músson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga, Stgr. 1.171.2, Skólavörðustígur, Bergstaðastræti, Hallveigarstígur, Ingólfstræti, Baukastætti*. Rvk. 1994.
- 35 Bjarni F. Einarsson: *Arnarhöll, Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhöll í Reykjavík*. Rvk. 1993.
- 36 Bjarni F. Einarsson: *Arnarhöll 1994 Þrúfakurður í apríl*. Rvk. 1994.
- 37 *Árskýrsla Árbæjarsafns 1993*. Rvk. 1994.
- 38 Margrét Hallgrímsdóttir: *Víðey, Fornleifarannsóknir 1993*. Rvk. 1994.
- 39 Ragnar Edvardsson: *Arnarhöll, Fornleifarannsókn 1993*. Rvk. 1994.
- 40 Nikulás Úlfar Músson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga, Stgr. 1.171.1 Hverfisgata, Klappastígur, Laugavegur, Smíðustígur*. Rvk. 1994.
- 41 Bjarni F. Einarsson: *Ingólfstorg, Fornleifarannsókn þar sem fyrir var horn Adalstrætis og Austurstrætis*. Rvk. 1994.
- 42 Nikulás Úlfar Músson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga, Landakotsreið og nágrenni, Stgr. 1.137.2 og 1.150.1, Oldugata, Ægisgata, Tungata, Hólavallagata, Hólvallagata, Hofsvallagata og Hránnarstígur*. Rvk. 1994.
- 43 Nikulás Úlfar Músson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga Menntaskólareits, Stgr. 1.180.0, Bókhlöðustígur, Larkjargata, Ammannastígur og Þinghólstræti*. Rvk. 1994.
- 44 Hrefna Róbertsdóttir: *Landins forbetrun*. Rvk. okt. 1994.
- 45 Nikulás Úlfar Músson, Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga Alþingishússreits, Stgr. 1.141.1, Templararund, Kirkjustræti, Tjarnargata, Vonarstræti*. Rvk. nóv. 1994.
- 46 Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Rvk. maí 1995.
- 47 Steinnunn Kristjánsdóttir: *Heiðnar og helgar minjar í Víðey, Afangaskýrsla Víðeyjarrannsóknar 1994*. Rvk. maí 1995.
- 48 Nikulás Úlfar Músson: *Byggingasaga, Hegningarhússreitur, Stgr. 1.171.4, Laugavegur, Vegamólastígur, Skólavörðustígur, Bergstaðastræti*. Rvk. okt. 1995.
- 49 Bjarni F. Einarsson: *Fornleifarannsókn í Adalstræti 12 árið 1993, Rannsóknarsaga, endurmat og landnáð*. Rvk. des. 1995.
- 50 Brynhildur Ingvarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir: *Urbur 1, Myndaskráningarkerfi í FileMaker Pro*. Rvk. des. 1995.
- 51 Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson, Nikulás Úlfar Músson: *Borgarhluti 7 - Árbar, Byggingar og minjar*. Rvk. des. 1995.
- 52 *Árskýrsla 1994*. Rvk. 1995.
- 53 Nikulás Úlfar Músson: *Middurjaraskólinn - málmaskóli*. Rvk. 1996.
- 54 Brynhildur Ingvarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir: *Urbur 1.2, Myndaskráningarkerfi í FileMaker Pro, Agúst*. 1996.
- 55 Sigríður Hallóesdóttir og Aslaug Sverrisdóttir: *Jarðfröndin hófufrú í Víðey í Kollafirði*. Rvk. 1996.
- 56 Steinnunn Kristjánsdóttir: *Víðey - trúarheimar menntar, Afangaskýrsla 1995*. Rvk. 1996.
- 57 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaefirlit á lóð Hástaránnar og Safnahúsi*. Rvk. 1996.
- 58 Guðar Baldvinsson, Völundarhús sjónlinanna: *Reykjavík í ljósmyndum og ljóðum á tuttugustu öld*. Rvk. 1997.
- 59 Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson: *Menntagæminjar í Hengli og Grafungi norðan Úlfjótswats*. Rvk. 1997.
- 60 Orri Vésteinsson: *Fornleifar í landi Nesjavalla og Olfusvats*. Rvk. 1997.
- 61 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Minjavarsla í Reykjavík, Framkvæmdaefirlit vegna fornleifa í Axlarstræti frá Pósthússtræti að Lækjargötu*. Rvk. 1997.
- 62 Elin Ósk Hreindardóttir og Ragnheiður Traustadóttir: *Fornleifar í Hvammi og Hvammvík í Kjói*. Rvk. 1998.
- 63 Margrét Hallgrímsdóttir: *Árskýrsla 1996*. Rvk. 1998.
- 64 Mjöll Særsdóttir: *Alþingishússreitur*. Rvk. 1998.
- 65 Margrét Hallgrímsdóttir: *Árskýrsla 1997*. Rvk. 1998.
- 66 Nikulás Úlfar Músson: *Byggingasaga - Teigahverfi*. Rvk. 1998.
- 67 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Minjavarsla í Reykjavík, Framkvæmdaefirlit vegna fornleifa í grunni Stjórnarráðshússins*. Rvk. 1998.
- 68 Brynja Björk Birgisdóttir: *Maddama Ottesen og Dillon lívarðar*. Rvk. 1998.
- 69 Nikulás Úlfar Músson: *Byggingasaga, Ólgerð Egils Skallagrímssonar við Njálsgötu*. Rvk. 1998.
- 70 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sólveig Heiðberg: *Borgarhluti 8, Grafarvogur minjar og saga*. Rvk. 1998.
- 71 Orri Vésteinsson: *Fornleifar á afreiti Ölfushrepps, Fornleifaskráning á Hengliavörð III*. Rvk. 1998.
- 72 Nikulás Úlfar Músson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga Stjórnarráðsreita, Stgr. 1.150.1, 1.150.2 og 1.150.3, Ingólfstræti, Klappastígur, Lindargata, Skallagata og Sólhólsgata*. Rvk. 1999.
- 73 Bjarni F. Einarsson: *Adalstræti 12, Könnun á mannvistarlögum meðfram lóð Adalstrætis 12*. Rvk. 1999.
- 74 Nikulás Úlfar Músson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga, Stgr. 1.173.0, 1.174.0, 1.154.3, 1.174.1, 1.175.3, Frakkastígur, Heerfígata, Vatnsstígur, Skúlagata, Barónsstígur, Laugavegur, Snorrabraut og Grettisgata*. Rvk. 1999.
- 75 Margrét Hallgrímsdóttir: *Árskýrsla 1998*. Rvk., 1999.